

## Fundur hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundin eru: Charlotta Englund, Guðfinna R. Sigurbjörnsdóttir, Kristín Eva Benediktsdóttir og Tryggvi H. Sigurðsson.

Fundur settur kl. 20:30

### 1. Umræður um helstu mál á svæðinu.

#### Húsnaðismál

Í ágúst verður gerð könnun sem hefur það að markmiði að greina hvort sé ástæða til að byggja fleiri en tvær íbúðir á Kópaskeri.

#### Leikskólamálin

Ljóst er að ekki verði starfrækur leikskóli á Kópaskeri í haust, sem er afar slæmt og nauðsynlegt að reyna að stuðla að því að hann opni aftur sem allra fyrst.

### 2. Randarvegurinn

Hverfisráð Öxarfjarðar hefur fengið það mál til umsagnar.

*Hverfisráðið bendir á að gangstéttina þarf að tengja alla leið út að beygju, þá þarf einnig að tryggja að frágangurinn á köntum til austurs þoli að vinnuvélar og vörubílar keyri inn á af geymsluplaní.*

*Hverfisráðið vill einnig koma því á framfæri að afar mikilvægt er að vegurinn i heild frá innkeyrslunni sé þannig unnin að hann þoli þungaumferðina sem mun verða á komandi árum. Ástand vegarins er ekki gott.*

### 3. Íbúafundur

Lagt til að halda íbúafund þann 18. ágúst, þar eru vindorkuverið og leikskólamálin á dagskrá. Mikilvægt að, fá góðan fundarstjóra, stefnt að því að auglýsa hann sem fyrst sérstaklega til að tryggja að sem flestir kjörnir fulltrúar úr sveitarstjórn mæti.

### 4. Hraðhleðslustöðvar á Kópaskeri.

Árið 2017 ákvað þáverandi „Framkvæmdaneftnd“ að ganga til samninga við ON varðandi uppbyggingu hraðhleðslustöðva í sveitarfélaginu. Ákveðið að kanna hvar það mál er statt í dag.

### 5. Rafmagnstenglar á tjaldsvæðinu á Kópaskeri

Tjaldsvæðið er að jafnaði mjög vel nýtt og mikilvægt að bæta aðstöðuna betur þar sem þetta er nú orðið eina tjaldsvæðið á vegum sveitarfélagsins innan Öxarfjarðarhéruðs.

Fundi slitið Kl. 22:13

Tryggvi H. Sigurðsson  
Guðfinna Sigurðs

Kristín Eva Benediktsdóttir  
Charlotta Englund